



Ársskýrsla þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2008–2009. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli. Stjórnin hefur sér til ráðuneytis fulltrúaráð sem skipað er, auk stjórnar, formönnum fastanefnda, deilda, faghópa og hagsmunafélaga. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan fastanefnda félagsins, deilda og faghópa. Í þessari ársskýrslu birtast þær skýrslur formanna sem borist höfðu þegar ársskýrslan fór í prentun. Aðrar skýrslur verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslu þessari.

Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 5
Útgáfa Árbókar, Verktækni og ritraðar	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt	bls. 8
Samstarf heima og heiman	bls. 10
FEANI	bls. 12
Ársreikningur Félagssjóðs 2008	bls. 15
Ársreikningur Hússjóðs 2008	bls. 16
Skýrslur deilda og faghópa	bls. 17
Atburðir 2008–2009	bls. 22

Stjórn VFÍ 2008-2009

Jóhanna Harpa Árnadóttir, formaður
 Björn Karlsson, varaformaður
 Ásdís Elva Guðmundsdóttir
 Gísli Pálsson
 Egill Þórðarson
 Hrund Ólöf Andradóttir
 Magnús H. Gíslason

Endurskoðendur

Viðar Ólafsson, skoðunarmaður
 Kristinn Gestsson, löggiltur
 endurskoðandi

Starfsfólk

Logi Kristjánsson/Árni B. Björnsson,
 framkv.stj.
 Sigrún S. Hafstein
 Þrúður G. Haraldsdóttir
 Guðríður Ó. Magnúsdóttir
 Þórunn Árnadóttir
 Ingigerður Jónsdóttir
 Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Ritstjóri Árbókar

Ragnar Ragnarsson



Ávarp formanns

Það starfsár Verkfræðingafélags Íslands, sem nú er að baki, hefur fyrir margra hluta sakir verið frábrugðið fyrri árum. Á seinasta aðalfundi, í marsmánuði 2008, urðu töluverðar umræður um hvernig félagið gæti höfðað betur til yngri kynslóðarinnar og ýmislegt nefnt í því sambandi. Á undanförunum árum hefur VFÍ haldið kynningar fyrir nemendur í verkfræði bæði í skólunum og einnig tekið á móti þeim í Verkfræðingahúsinu. Þá hefur sú hefð skapast að þriðja árs nemendur vinna við félagatalið og greiðslan runnið í ferðasjóð útskriftar-nema. Ljóst er að kynningarstarf er nokkuð sem þarf stöðugt að endurskoða og hefur stjórn VFÍ verið að yfirfara með hvaða hætti megi leggja meiri áherslu á þennan þátt. Ákveðin framfaraskref hafa verið stigin s.s. að verkfræðingafélögin tvö halda nú sameiginlega allar sínar kynningar. Með því móti er reynt að fyrirbyggja algengan misskilning hjá nýústkriðuðum verkfræðingum, að þetta sé eitt og sama félagið, þannig að komist verði hjá því að einstaklingar verði af réttindum. Einnig hafa tengsl við nemendafélögin verið eflað og stendur þeim nú til boða afnot af salnum á Engjateigi 9 til félagsstarfa, endurgjaldslaut. Það er mikilvægt að nýta tækifærið vel til kynninga en það þarf einnig að finna leiðir til að gefa ungum verkfræðingum tækifæri til að móta félagið.

Áfallið sem íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir hefur sett mark sitt á starfsemi VFÍ að undanförunu. Sú megináhersla í

starfsemi félagsins – að vera vettvangur umræðu og upplýsingamiðlunar fyrir verkfræðinga, kristallast nú enn frekar. Strax var brugðist við ástandinu og í samstarfi við Stéttarfélag verkfræðinga og Tæknifræðingafélag Íslands hafa verið haldnir fundir og námskeið sem miða að því að aðstoða eintaklinga sem á einhvern hátt standa frammi fyrir breyttum aðstæðum vegna efnahagsástandsins. Innan stjórnar VFÍ hefur verið leitast við að finna mögulegar leiðir að því hvernig félagið geti stutt sem best við sína félagsmenn. Vinnuhópur, leiddur af tveimur stjórnarmönnum, varð til og verkefninu „Sköpum framtíð fyrir tæknifólk“ var ýtt úr vör. Markmiðið með því er að skapa vettvang fyrir þá félagsmenn sem hafa áhuga á að hittast og vinna saman að því að skapa sér framtíð. Frómt frá sagt hefur þetta gefist mjög vel og aðdáunarvert að sjá hvernig fólk virkjar sköpunarkraftinn. Fram hafa komið margar hugmyndir sem miða að því að skapa aukinn sveigjanleika á vinnumarkaði tæknimenntaðra sem og hugmyndir að viðskipta- og framleiðslutækifærum. Ég er þess fullviss að að þarna geta fræ hugmynda fallið í jarðveg sem getur nært og gefið af sér tækifæri. Fólk með verkfræðimenntun stendur vel að vígi til að hafa áhrif á framtíð sína.

Starfsemi fagfélags eins og Verkfræðingafélags Íslands mun ávallt byggjast á framlagi þeirra einstaklinga sem í félaginu eru. Við sjáum nú að ytri aðstæður hafa áhrif á félagsstarfið og virkni félagsmanna. Í árferði þegar atvinna er næg og efnahagsástand gott virðast félagsmenn síður taka þátt í viðburðum á vegum félagsins. Beinast liggur við að draga þá ályktun að þegar næga vinnu er að hafa gangi hún fyrir. Hugsanlega er það líka tilhneiging þeirra sem ekki hafa áður upplifað djúpar dýfur hagsveiflunnar að telja sér trú um að aðstæður þurfi ekki að breytast svo ýkja mikið, þó að vinnu- og verkefnaframboðið minnki eitthvað og kjósa jafnvel að standa alfarið fyrir utan félagið.

Þrátt fyrir ýmis teikn á lofti um að þensla og ofvöxtur væri til staðar var enginn í aðstöðu til að sjá fyrir að áfallið

yrði eins stórt eins og raunin varð. Eins og í flest öllum atvinnugreinum, sérstaklega þó innan fjármálageirans og í mannvirkjagerð, horfir fjöldi verkfræðinga nú fram á atvinnumissi, eða hefur þegar misst vinnuna. Þegar harðnar á dalnum reynir á baklandið. Þá reynir á að félagið sýni hversu megnugt það er í að styðja við bakið á sínu fólki, að það sé byggt á traustum grunni og innviðir þess séu nægjanlega sterkir til að rísa undir ábyrgðinni að hlúa að einstaklingnum – félagsmanninum.

Dýrmætt er að hafa í hús að venda með fundi og viðburði á vegum félagsins, sem hafa verið mjög vel sóttir á undanförunum mánuðum. Samlokufundirnir eru hádegisfundir þar sem framsögumenn kynna áhugaverð málefni, og félagsmönnum er boðið upp á samlokur og drykki. Þessir fundir eru fastur liður í starfsemi félagsins og hafa mælst vel fyrir. Í nóvember var farið af stað með mánaðarlega morgunfundi undir heitinu „Heiti potturinn“ og boðið er upp á kaffi og rúnstykki. Ekki er um formlega dagskrá að ræða þar sem tilgangurinn er fyrst og fremst að gefa félagsmönnum tækifæri til að hittast og ræða málín. Stutt framsaga er um tiltekið málefni og svo fyrirspurnir og umræður í framhaldi. Hið árlega Verktækni golfmót og árshátíðin í byrjun febrúar skipa fastan sess í starfi félagsins og eru ákaflega vel sótt mannamót.

Húsnæðismál hafa löngum verið félagsmönnum hugleikin og strax á upphafsárum félagsins fóru verkfræðingar að huga að því að eignast húsnæði þótt að af því yrði ekki fyrr en í lok sjötta áratugarins. Í ársbyrjun 1946 kom stjórn félagsins með tillögu þar sem stefnt skyldi að því „að efla húsnæðissjóð félagsins eftir föngum, leita fyrir sér um hagkvæma byggingarlóð fyrir væntanlegt hús félagsins og athuga möguleika fyrir samstarfi um byggingarframkvæmdir við önnur akademisk félög hér í bæ.“ Þó það gengi ekki eftir á þeim tíma hefur hugmyndin að húsi tengdra fagfélaga lengi verið við líði. Fór því vel á því að verða við erindi Skýrslutæknifélags Íslands og Verkefnastjórnunarfélagsins síðastliðinn vetur um leigu á skrifstofurými í

Verkfræðingahúsinu. Hafði það þó í för með sér ófyrirséðar endurbætur á fyrstu hæðinni sem var í afar slæmu ástandi eftir áralanga útleigu til margra leigutaka. Eins og allir þekkja sem eiga fasteign er viðhald stór þáttur í rekstri þeirra ef eignin á að halda nota- og verðgildi sínu. Seinni part sumars flutti skrifstofan, sem er sameiginlega rek-in með Stéttarfélagi Verkfræðinga og Tæknifræðingafélagi Íslands, í austur-enda fyrstu hæðarinnar og um svipað leiti tók nýr framkvæmdastjóri til starfa. Það verður að teljast ákjósanlegt að sú starfsemi sem þjónustar félagsmenn blasi við þegar komið er inn í húsið. Það hefur reynst félaginu mikið lán að eiga glæsilega húseign eins og Engjateigur 9 er og skapar viðeigandi ramma utan um starfsemi félagsins. Vona ég að svo megi áfram verða.

Eins og fram kom í bréfi mínu með fundarboði aðalfundar hefur borist bindandi kauptilboð í eignarhlut félagsins í Engjateigi 7. Stjórn og meirihluti húsnefndar félagsins hafa samþykkt tilboðið með fyrirvara um samþykki aðalfundar VFÍ og gerir tillögu til aðalfundarins um að sala eignarinnar verði samþykkt. Þeir menn sem höfðu framgöngu um að koma lóðareigninni til þeirra verðmæta sem hún stendur fyrir í dag eiga miklar þakkir skildar. Ekki spillir fyrir að mikil þryði er af húsinu sem á lóðinni reis.

Að undanförunu hafa verkefni félagsins verið af öðrum toga en í venjulegu áferði. Forysta félagsins hefur á síðustu mánuðum átt fundi með ráðamönnum og hagsmunaaðilum s.s. iðnaðarnefnd Alþingis, efnahags- og skattanefnd Alþingis, formanni fjárlaganefndar Alþingis, Nýsköpunarmiðstöð, Samtökum sprotafyrirtækja og fleirum, til að hafa áhrif og gæta hagsmuna félagsmanna. Nærtækasta dæmið er þegar félög verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta og Félag ráðgjafarverkfræðinga höfðu frumkvæði og beittu sér fyrir afnámi virðisaukaskatts á hönnun og eftirliti verkefna. Vegna alvarleika kringumstæðna reynir forysta félagsins með öllum ráðum að beita sér í þágu hagsmuna verkfræðistéttarinnar. Margir félagsmenn standa í þeim erfiðu sporum að vera án atvinnu eða búa við skert starfsöryggi. Nú reynir á að til-einka sér viðhorf uppbyggingar og hagnýta þekkinguna. Með það í huga óska ég öllum félagsmönnum velfarnaðar og góðra stunda á komandi starfsári.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum, framkvæmdastjóra, stjórnar- og nefndar-

mönnum sem og öllum þeim sem tóku þátt í starfi Verkfræðingafélags Íslands á liðnu starfsári fyrir framlag þeirra til félagsins sem gerir það að þeim öfluga málsvara sem það er. Sérstaklega vil ég þakka Loga Kristjánssyni, sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri félagsins þann 20. september síðastliðinn, fyrir óeigingjarnt og farsælt starf í þágu félagsins.

*Jóhanna Harpa Árnadóttir,
formaður VFÍ.*



Áhersla á mennta- og réttindamál

Menntamálanefnd

Skipan nefndarinnar og fundir

Menntamálanefnd VFÍ var á starfsárinu skipuð eftirtöldum mönnum:

Steindór Guðmundsson, formaður
Björn Karlsson
Einar Matthíasson
Ingunn Sæmundsdóttir
Jenný Ruth Hrafnadóttir
Sigurður M. Garðarsson
Þórður Helgason

Sigurður M. Garðarsson er stjórnarmaður í ENSÍM-nefnd VFÍ, TFÍ og SV, og situr hann jafnframt í menntamálanefndinni. Sigurður hefur einnig setið í stjórn Endurmenntunarstofnunar HÍ sem fulltrúi VFÍ, en nú hefur nýtt skipulag tekið gildi fyrir Endurmenntunarstofnun HÍ. Héðan í frá skipar Háskólaráð stofnuninni fimm manna stjórn, og jafnmarga til vara, að fengnum ábendingum frá endurmenntunarstjóra um ákjósanleg tengsl við fræðasvið og aðra starfsemi Háskólans. Stjórnin er skipuð til þriggja ára í senn og skiptir sjálf með sér verkum. Ný stjórn hefur enn ekki fengið skipunarbréf sitt og hefur því ekki kallað saman fulltrúa gömlu aðildarfélaganna á vormánuðum til að mynda öflugan bakhjarl fyrir nýja stjórn.

Um hlutverk og verkefni menntamálanefndar er fjallað í 19. grein félagslaga VFÍ.

Menntamálanefnd hélt alls 10 fundi á starfsárinu, og voru þeir fundir nr. 286–295. Venjulegur fundartími er annar fimmtudagur hvers mánaðar.

Umsóknir til félagsins

Umsóknir um inngöngu í félagið og leyfi til að kalla sig verkfræðing voru sem hér segir á starfsárinu, og til samanburðar eru umsóknir síðustu ára:

Af 77 umsóknum um inngöngu í félagið voru 73 umsóknir samþykktar, 3 var hafnað og umfjöllun um eina er ekki lokið. Allar 9 umsóknirnar um ungfélaga-aðild voru samþykktar. Af 97 umsóknum um starfsheitið voru 87 umsóknir samþykktar, 8 var hafnað og umfjöllun um tvær er ekki lokið. Þeir einstaklingar sem mælt var með að fái leyfi til að kalla sig verkfræðing og/eða fengu samþykta inngöngu í félagið voru alls 137 talsins. Heildarfjöldi umsókna er mun meiri á síðustu þremur starfsárum heldur en næstu ár á undan, og er það meðal annars vegna margra umsókna um ungfélagaaðild. Þær hefðu þó mátt vera töluvert fleiri á síðasta starfsári. Rétt er að vekja sérstaka athygli á því, að af 71 nýrri umsókn um inngöngu í félagið voru 29 umsóknir frá ungfélögum sem luku BS- prófi og urðu þannig sjálfkrafa félagsmenn. Þetta beinir enn athyglinni að því hve mikilvægt er að fá sem flesta ungfélaga inn í félagið.

Auk þessara hefðbundnu umsagna um inngöngu í VFÍ og um starfsheitið,



fjallaði nefndin formlega um 20 umsóknir um inngöngu í SV fyrir stjórn SV. Þar af voru 9 samþykktar, 6 var hafnað, ein var samþykkt sem möguleg ungfélagaaðild, einni var vísað til TFÍ og í þremur tilvikum var beðið um frekari gögn sem ekki hafa enn borist.

Þetta er annað starfsárið sem nefndin fjallar á formlegan og skipulegan hátt um umsóknir fyrir SV. Árin þar á undan fjallaði nefndin um nokkrar svona umsóknir á ári, en mestmegnis óformlega.

Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og/eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið verkfræðingur bærust menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið nám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS-námi í verkfræði við Háskóla Íslands sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum, en einnig bærust nokkrar fyrirspurnir frá öðrum.

Áskorun til stjórnar VFÍ um að efla ungfélagaaðild

Nefndin sendi á árinu erindi til stjórnar VFÍ um mikilvægi ungfélagaaðildar. Því var beint til stjórnarinnar að hún gengist fyrir breytingu á inntökureglum, þannig að verkfræðinemar gætu orðið ungfélagar strax að loknu einu námsári (60 ECTS einingum), í stað tveggja nú. Ennfremur að efla kynningu á ungfélagaaðild að VFÍ bæði í HR og í HÍ. Nefndin sér það sem æskilegt markmið að öllum verkfræðinemum við báða skólana þyki sjálfsgagt að gerast ungfélagar í VFÍ að loknu fyrsta námsárinu.

Kynningarfundur með Tækni- og verkfræðideild HR

Nefndin fór á fund fulltrúa Tækni- og verkfræðideildar HR á vormánuðum 2008 vegna fyrirhugaðs meistaranáms í verkfræði við skólann. Vorið 2008 útskrifuðust fyrstu BS-nemarnir í verkfræði frá HR og veturinn 2008-2009 héldu margir þeirra áfram í meistaranám við HR. Fundurinn var gagnlegur og upplýsandi um fyrirhugað meistaranám, sem þá var í mótun, og verður það eflaust áfram næstu árin. Nefndin telur mjög mikilvægt að fylgjast áfram með þróun meistaranámsins.

Kynningarfundur um fyrirhugað tæknifræðinámi í Keili

Fundað var með fulltrúa frá Háskóla Íslands um fyrirhugað tæknifræðinámi í Keili í Reykjanesbæ. Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands hefur haft hönd í bagga með skipulagningu námsins og nemendur munu útskrifast formlega frá Háskóla Íslands, þar sem Keilir er ekki háskóli og getur ekki útskrifað fólk með háskólapróf. Ólafur Pétur Pálsson prófessor kom á fund nefndarinnar í janúar og kynnti málið. Þá stóð til að hefja kennslu í janúar 2009, en því var síðan frestað til haustsins. Nefndin hefur áhuga á að fylgjast með þessu námi, því líklegt er að einhverjir nemendur þaðan muni síðar taka meistaraþróf í verkfræði og

vilji þá fá inngöngu í VFÍ og leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

Fundurinn var gagnlegur og upplýsandi, en auk námsins við Keili var m.a. rætt um meistaraþróður frá RES orkuskólanum á Akureyri og REYST orkuskólanum í Reykjavík.

Samráðsfundur um mat á framhaldsnámi tölvunarfræðinga

Formaður nefndarinnar fundaði í janúar með Sven Þ. Sigurðssyni og Ebbu Þóru Hvannberg, prófessorum í reikni- verkfræði og hugbúnaðarverkfræði við HÍ. Á fundinum var rætt um prófgráður vaxandi fjölda tölvunarfræðinga, bæði úr HÍ og HR, sem að loknu BS-prófi hafa farið til útlanda, einkum til Danmerkur, og ljúka þar meistaraþrófi (civ. ing.). Farið var yfir námsferla 9 slíkra umsækjenda um starfsheitið verkfræðingur á undanförunum árum, og reynt að skilgreina í hverju tilviki hvort um væri að ræða meistaraþróðu í tölvunarfræði eða meistaraþróðu í verkfræði.

Nefndin hefur þegar nýtt sér niðurstöður þessa samráðsfundar við afgreiðslu umsókna og mun eflaust gera það framvegis við afgreiðslu slíkra umsókna.

Steindór Guðmundsson, formaður.

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd VFÍ, TFÍ, AV og SV

Endurmenntunar- og símenntunarnefnd VFÍ, TFÍ, AV og SV (ENSÍM) starfar að endurmenntunarmálum félaganna. Á starfsárinu voru haldnir fundir með starfsmönnum Endurmenntunar Háskóla Íslands um leiðir til að auka framboð af námskeiðum fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga. Í ársbyrjun 2009 var gerð fræðslukönnun í þeim tilgangi að fá upplýsingar um óskir félagsmanna varðandi endur- og símenntun. Þátttaka var ekki eins mikil og vonast var eftir en 215 svör bærust. Endurmenntun HÍ og Ensím-nefndin munu hafa niðurstöðurnar til hliðsjónar og reyna að tryggja gott framboð af námskeiðum.

Þegar þetta er ritað liggja fyrir drög að formlegum samstarfssamningi Endurmenntunar HÍ og félaganna þriggja, VFÍ, TFÍ og SV. Markmiðið er að auka framboð á námskeiðum, vinna saman að kynningu þeirra og efla tengsl skrifstofu félaganna við Endurmenntun HÍ. Þá mun Endurmenntun bjóða félagsmönnum VFÍ, TFÍ og SV valin námskeið á sérstökum afsláttarkjörum.

Starfsár	08–09	07–08	06–07	05–06	04–05	03–04	02–03	01–02
– Innganga:	77	57	66	47	42	51	53	45
– Starfsheiti:	97	99	72	75	59	50	53	52
– Ungfélagaaðild:	9	21	63	0	1	2	1	1
– Umsóknir alls	183	177	201	122	102	103	107	98

Skýrsla útgáfunefndar

Útgáfunefnd VFÍ og TFÍ

Starfsemi útgáfunefndar var með venjubundnum hætti á síðastliðnu starfsári, ekki hafa verið breytingar í nefndum eða ritstjórástörfum.

Fulltrúar í nefndinni voru: Ólafur Pétur Pálsson (formaður), Kristinn Andersen og Ragnar Ragnarsson (ritstjóri Árbókarinnar) frá VFÍ og Árni Þór Árnason og Óli Jón Hertervig frá TFÍ.

Árbók VFÍ/TFÍ 2008 kom út í lok nóvember síðastliðnum og var að þessu sinni ögn styttri en árið áður eða 336 síður. Eftir ávörp formanna VFÍ og TFÍ og inngang ritstjóra er kafli sem fjallar um félagsmál félaganna tveggja, sameiginlegan rekstur þeirra og lokaverkefni nemenda við háskólana tvo auk þess er listi yfir nýja félaga. Þar á eftir er tækniannáll, en nú er fjallað m.a. um þróun efnahagsmála, orkuveitur (framkvæmdir), raforku, jarðhita, vegamál, Jarðhitaskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og hafnarframkvæmdir. Því næst eru kynningar og tæknigreinar fyrirtækja og stofnana, í allt tuttugu, auk kafla með styttri kynningum ráðgafarfyrirtækja. Þá eru fjórar ritrýndar vísindagreinar birtar að þessu sinni, en í flestum tilfellum voru framhaldsnemar að kynna niðurstöður sinna rannsókna ásamt leiðbeinendum sínum. Loks voru í Árbókinni að þessu sinni níu tækni- og vísindagreinar um mjög áhugaverð

efni. Ragnar Ragnarssyni er þakkað gott samstarf og fumlaua ritstjórn. Fjöldi útgefna eintaka var 2400.

Verktækni kom út mánaðarlega nema yfir hásumarið, alls 10 tölublöð í um 3200 eintökum. Verktækni hefur verið vettvangur fyrir alla verkfræðinga og tæknifræðinga til þess að koma sínum sjónarmiðum og hugarefnum á framfæri. Eins eru í Verktækni birtar fróðlegar greinar um ráðstefnur og skoðanaferðir félaganna, auk viðtala um áhugaverð efni. Verktækni er einnig vettvangur stjórna félaganna þriggja, VFÍ, TFÍ og SV til þess að koma nauðsynlegum upplýsingum til félagsmanna. Á liðnu ári var fjallað um margvísleg efni, svo sem menntamál, orkumál en einnig voru kjaramál og starfsmannatengd mál áberandi í lok árs. Sigrún Hafstein var ritstjóri Verktækni, eins og undanfarin ár, og er henni þakkað ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Í blaðnefnd Verktækni voru þau María S. Guðjónsdóttir (en hún tók við af Sveinbjörgu Sveinsdóttur um mitt ár) frá SV, Ólafur Pétur Pálsson frá VFÍ og Árni Þór Árnason frá TFÍ.

Útgáfunefnd þakkar öllum hlutaðeigandi samstarfið og biður félaga og aðra að koma til hennar ábendingum og tillögum að því sem ef til vill betur mætti fara.

Ólafur Pétur Pálsson, formaður.



Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar sem lyki með útgáfu á Sögu VFÍ á hundrað ára afmæli félagsins 19. apríl 2012. Í ritröðinni eru nú komnar út fimm bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsókna á Íslandi. (2005)
- Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár. (2007)



– Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)

Unnið er að útgáfu sjöttu bókarinnar sem fjallar um verktakastarfsemi á Íslandi. Höfundur er Sveinn Þórðarson, sagnfræðingur. Í ritnefnd bókarinnar eru: Páll Sigurjónsson, formaður, Haukur Frímannsson, Haraldur Sumarliðason og Hákon Ólafsson. Stefnt er að því að bókin komi út í ágústmánuði 2009.

Stjórn ritraðar skipa:

Hákon Ólafsson, formaður
Fjóla Jónsdóttir
Jóhanna Harpa Árnadóttir

Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár

Á vormánuðum 2008 kom út fimmta bindið í ritröð VFÍ um sögu verkfræði og tækniþekkingar á Íslandi. Í bókinni *Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár* er fjallað um sementsframleiðslu á Íslandi en Verkfræðingafélag Íslands stóð í upphafi fyrir umræðum um það mál. Höfundur bókarinnar er Dr. Guðmundur Guðmundsson.

Á bókarkápu segir: Um 1930 hófst umræðan um íslenska sementsframleiðslu fyrir alvöru og það var Jón Þorláksson byggingarverkfræðingur, ráðherra og borgarstjóri í Reykjavík sem leiddi hana. Það vandamál kom fljótt í ljós að hefðbundin hráefni til sementsgerðar, þ.e. kalksteinn og leirsambönd, voru ekki fyrir hendi í landinu. Ekki var ljóst hvaða jarðefni mætti nota í staðinn en eftir mikla leit og rannsóknir var ákveðið að reisa verksmiðju á Akranesi sem byggði framleiðslu sína á skeljasandi sem kalkgjafa og gosefninu líparíti sem kísilgjafa. Þannig voru strax í upphafi troðnar óhefðbundnar slóðir í sementsframleiðslu en Íslendingar voru síðar frumkvöðlar á ýmsum sviðum og voru t.d. fyrstir til að nýta kísilryk til að auka gæði sementsins, en það var nú almennt notað í heiminum þar sem kröfur um endingu og gæði eru sérlega miklar.

Sement hefur verið notað í flest mannvirki á Íslandi og er árlegt framleiðslumagn Sementsverksmiðjunnar góður mælikvarði um hagsæld þjóðarinnar og uppbyggingu í landinu á hverjum tíma.

Siðanefnd VFÍ

Siðanefnd hélt ekki fund á starfsárinu. Engin mál lágu fyrir til úrskurðar.

Siðanefnd er skipuð fimm fyrirverandi formönnum VFÍ. Siðanefnd starfsársins var skipuð eftirtöldum mönnum:

Guðmundur G. Þórarinsson, formaður
Vífill Oddsson
Karl Ómar Jónsson
Pétur Stefánsson
Hákon Ólafsson

Guðmundur G. Þórarinsson, formaður.

Gerðardómur VFÍ

Fyrir nokkrum árum skipaði stjórn VFÍ nefnd til að yfirfara reglur gerðardóms VFÍ og gera tillögur um á hvern hátt megi kynna hann betur.

Í nefndina voru skipuð:

Kolbeinn Kolbeinsson, formaður
Viðar Ólafsson
Óskar Valdimarsson
Hjörtur Torfason hrl
Kistrún Heimisdóttir (fulltrúi SI)

Nefndin vann ötullega að endurskoðun reglna gerðardómsins í ljósi þess að hann hefur lítið sem ekkert verið nýttur á undanförunum árum. Misjafnar skoðanir hafa verið uppi um hvaða breytingar beri að gera á reglum dómsins, og hefur nefndin ekki lokið störfum. Almennt virðist þróunin sú í hinum vestræna heimi að auka vægi gerðardóma og sáttamiðlana. Skipunartími formanna gerðardóms VFÍ rann út í september 2008. Samkvæmt reglum dómsins á Hæstiréttur að skipa dómsformennina. Hæstiréttur er hættur að skipa í gerðardóma nema kveðið sé svo um í lögum og því liggur fyrir aðalfundi VFÍ 2009 tillaga um að breyta skipan dómsins.

Löggildingarnefnd VFÍ

Löggildingarnefnd VFÍ skipa:

Hallgrímur Sigurðsson
Rúnar G. Sigmarsson
Tómas R. Hansson

Nefndin hélt fjóra fundi á starfsárinu og voru teknar fyrir átta umsóknir um löggildingu.

Flestar umsóknir fengu jákvæða afgreiðslu hjá nefndinni, þ.e. að nefndin mælti með að umsækjandi fengi löggildingu á þeim sviðum sem umsókn náði til.

Hjá nokkrum umsækjendum var hluta umsóknar hafnað þar sem umsækjandi hafði ekki tilskýlda reynslu eða menntun á tilteknu sérsviði.

Rúnar G. Sigmarsson, formaður.



Fræðandi og skemmtilegt starf

VerkTækni golfmótið

Árlegt golfmót verkfræðinga og tækni-fræðinga, VerkTækni golfmótið, var haldið í tólfta sinn þann 15. ágúst 2008. Mótið fór fram á golfvelli Golfklúbbs Grindavíkur og þótti takast vel. Verkfræðingar fóru með sigur af hólmi í sveitakeppninni, sem telst til tíðinda því tækni-fræðingar hafa unnið keppnina tíu sinnum.

Leikar fóru þannig að verkfræðingar unnu sveitakeppnina með 36 höggum eða 446 höggum á móti 482 höggum tækni-fræðinga. Besta skor fimm golfara úr hvoru liði ræður úrslitum.

Hitaveita Suðurnesja bauð hópnum í móttöku eftir mótið og loks var boðið upp á kvöldverð og verðlaunaafhendingu á glæsilegum veitingastað Bláa Lónsins.

Skemmtileg árshátíð

Árshátíð VFÍ var að venju haldin fyrsta laugardaginn í febrúar og tókst hún vel í alla staði. Stefán Einar Stefánsson flutti hátíðarræðu. Sigurjón Pálsson var veislustjóri. Óperuiddýfurnar skemmtu og Milljónamæringarnir, Bjarni Ara og Raggi Bjarna léku fyrir dansi.

Á árshátíðinni voru þrjár einstaklingar sæmdir heiðursmerki félagsins, þau Hákon Ólafsson, Svana Helen Björnsdóttir og Sveinbjörn Björnsson.

Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og skoðunarferða voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 22 og 23 er merki um öflugt og fjölbreytt starf. Samrekstur skrifstofu varð staðreynd og samstarf

félaganna er nú enn markvissara en áður. Menntunarmál verkfræðinga og tækni-fræðinga voru einnig í brennidepli nú sem fyrr.

Samlokufundir áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir. Á vegum deilda félagsins var farið í heim-sóknir til fyrirtækja og í skoðunarferðir.

Fundir og námskeið tóku vissulega mið af breyttum aðstæðum á vinnu-markaði eins og sést best á listanum á bls. 22 og 23.

Breyttar aðstæður

Félög verkfræðinga og tækni-fræðinga hafa lagt mikla áherslu á að bregðast við þeim breytingum sem urðu í atvinnulífi landsmanna vegna fjármálakreppunnar. Markmiðið er að verja störf verkfræðinga og tækni-fræðinga og taka þátt í að skapa aðstæður sem fela í sér sóknarfæri. Forsvarsmenn félaganna funduðu m.a. með formanni fjárlaganefndar, iðnaðarnefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis. Einnig með forsvarsmönnum stærstu verkfræðistofanna, Nýsköpunarmiðstöð atvinnulífsins og fulltrúum samtaka sprotafyrirtækja. Auk þess hefur framkvæmdastjóri félaganna rætt við fjölmarga aðila.

Samstarf við Nýsköpunarmiðstöð

Í febrúar 2009 var undirritaður samstarfssamningur VFÍ, TFÍ og SV við Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ) um aðstoð við sköpun atvinnutækifæra fyrir verkfræðinga og tækni-fræðinga. Samningurinn varðar m.a. vinnuáðstöðu til frumkvöðlavinnu og ýmiss konar aðstoð og stuðning.

Sköpum framtíð fyrir tækni-fólk

Í ljósi ástandsins í þjóðfélaginu var skapaður vettvangur fyrir verkfræðinga og tækni-fræðinga sem hafa áhuga á að hittast og vinna saman að því að skapa sér framtíð. Nýsköpun á þessum tímum er afar brýn og í þeim efnum er hlutverk tækni-fólks mikilvægt. Markmiðið er að virkja þann sköpunarkraft og leysa úr læðingi hugmyndir, sem tækni-fólk hefur. Fyrsti fundurinn var föstudaginn 6. febrúar og verið fundað á hverjum föstudegi síðan.

Upplýsingar á heimasíðu

Til að auðvelda félagsmönnum að afla sér upplýsinga og leiðbeininga er varða störf þeirra bendum við á eftirfarandi atriði á heimasíðum félaganna. Þessi atriði, auk annarra, eru undir rammanum „Breyttar aðstæður“ á forsiðunni.

Leiðbeiningar vegna uppsagna.

Viðbrögð við breytti stöðu – hádegiserindi.

Störf erlendis.

Listi yfir tengiliði vegna starfa erlendis.

„Heiti potturinn“

„Heiti potturinn“ er nýjung hjá VFÍ. Þetta eru morgunfundir þar sem félagsmönnum gefst tækifæri að hittast og ræða málin yfir kaffibolla og rúnstykki. Ekki er um formlega dagskrá að ræða.

Fyrsti „Heiti potturinn“ var í nóvember en þá fjallaði Sveinn Ólafsson verkfræðingur og framkvæmdastjóri Verkís um stöðuna á vinnu-markaði verkfræðinga og sagði frá fundi sem hópur verkfræðinga átti með iðnaðarnefnd Alþingis



is. Í „Heita pottinum“ 30. janúar sagði Kolbeinn Kolbeinsson verkfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks frá verkefnaöflun fyrirtækisins erlendis. Á þriðja fundinum sagði Helgi Þór Ingason, dósent í iðnaðar- og vélaverkfræði frá tilurð verkefnis á hans vegum þar sem farin er ný leið við rafvæðingu bílafloðans.

Alþjóðleg hljóðráðstefna

Dagana 17. – 19. ágúst 2008 var haldin hér á landi ráðstefnan BNAM 2008. (Baltic-Nordic Acoustics Meeting). Um er að ræða alþjóðlega hljóðráðstefnu þar sem færustu hljóðsérfræðingar á Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum bera saman bækur sínar.

Þátttakendur á ráðstefnunni voru 110 talsins þar af 30 frá Íslandi. Flutt voru 54 erindi. Sérstaklega ber að geta tveggja fyrirlesara frá Hollandi sem eru í allra fremstu röð á sínu sviði í heiminum í dag. Það eru Diemer de Vries sérfræðingur í hljómburði og Eddy Gerretsen sérfræðingur í hljóðeinangrun.

Ráðstefnan er haldin á vegum norrænu fagfélaganna annað hvert ár og var þetta í fyrsta sinn sem hún er haldin hér á landi. Ráðstefnan var skipulögð af félagi um hljóðhönnun sem starfar sem faghópur innan vébanda Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðingafélags Íslands. Faghópurinn var stofnaður september 2006 og er opinn öllum sem hafa áhuga á hljóðhönnun og hljóðvíst.

Í undirbúningsnefnd ráðstefunnar voru verkfræðingarnir Steindór Guðmundsson, Bergþóra Kristinsdóttir og Sigurður Karlsson.

Samstarf við verkfræðideildir

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við Verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands og Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík. Samstarfið er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfshættið og tryggja gæði náms í verkfræði hér á landi. Í júnímánuði brautskráði Háskólinn í Reykjavík í fyrsta sinn nemendur með BS-próf í verkfræði. Voru þeir af fjórum námsbrautum: fjármála-, hátækni-, heilbrigðis- og rekstrarverkfræði.

Nýtt skipulag Háskóla Íslands

Þann 1. júlí 2008 var tekið upp nýtt stjórnkerfi og skipulag Háskóla Íslands. Fræðasvið skólans eru fimm sem hvert um sig skiptist í 3-6 deildir. Fræðasviðin eru: Félagsvísindasvið, Heilbrigðisvísindasvið, Hugvísindasvið, Menntavísindasvið og Verkfræði – og náttúruvísindasvið. Innan þess síðastnefnda eru sex deildir: iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, jarðvísindadeild, líf- og umhverfsvísindadeild, rafmagns- og tölvuverkfræðideild, raunvísindadeild og umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Kristín Vala Ragnarsdóttir er forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Heimsóknir í skólana

Forystumenn VFÍ og SV halda sameiginlega kynningu fyrir fyrsta árs nema í verkfræði við Háskóla Íslands til að kynna starfsemi félaganna. Í marsmánuði fóru formenn SV, VFÍ og TFÍ auk framkvæmdastjóra til Danmerkur til að kynna nemendum í verkfræði og tækni-

fræði starfsemi félaganna og ræða við þá um námið. Að loknum aðalfundi VFÍ verður móttaka SV og VFÍ fyrir þá sem útskrifuðust með próf í verkfræði á síðastliðnu ári.

Þess má geta að nemendafélag verkfræðinema hafa fengið að nota fundasalinn á jarðhæð Verkfræðingahúss án endurgjalds, m.a. fyrir spíla kvöld og aðra viðburði. Með þessu vill félagið sýna velvilja og styrkja tengsl við nemendur í verkfræði.


Námssjóður J.C. Möller

Námssjóður J.C. Möller frá 6. október 1938, hefur úthlutað styrkjum til efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í tækniháskóla á Norðurlöndum.

Styrkurinn er þó sérstaklega ætlaður þeim sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagnsverkfræði og þá einkum þeim er stunda, eða ætla sér að stunda nám í Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn. Ekki hefur verið úthlutað úr sjóðnum undanfarnir tvö ár og er það til að styrkja stöðu sjóðsins. Frá stofnun sjóðsins árið 1938 hafa alls 57 verkfræðinemar hlotið styrk úr sjóðnum.

Vinna nemenda við félagakerfið

VFÍ hefur fengið nemendur á þriðja ári í verkfræði til að vinna ýmis störf m.a. við skráningu og leiðréttingar í félagakerfinu. Þessi vinna er liður í fjárföflun vegna útskriftarferða verkfræðinema.






Samstarf

Félagafjöldinn

Í ársbyrjun 2009 voru félagsmenn VFÍ 1278, þar af 55 ungfélagar og einn gestafélagi. Nú eru félagsmenn 1289 þar af 153 konur og eru þær því 12% félagsmanna. Fjölgun frá síðasta aðalfundi er 24 félagsmenn þar af 11 konur.

Félagsmönnum VFÍ hefur fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2000. Þó er ljóst að gera þarf betur. Með öflugu kynningarstarfi og samhentu átaki stjórnar og félagsmanna mun VFÍ verða enn sterkara félag í framtíðinni.

Grafið hér að neðan sýnir þróun félagafjöldans frá 1999 til 2009, miðað við áramót.



Norðurlandasamstarf

Aðalfundur Nording var haldinn Finnlandi dagana 14.–16. ágúst 2008. Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Á fundinn mættu formenn og framkvæmdastjórnar félaganna auk gestulltrúa frá Eistlandi.

Árið 2003 tók Nording við af NIM sem samstarfsvettvangur norrænu félaganna. Fram að þeim tíma funduðu norrænir verkfræðingar og tæknifræðingar í sitthvoru lagi. Tíu félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 440 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á fundinum báru fulltrúarnir saman bækur sínar varðandi stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags. Mikið var unnið að gestaaðildarmálum á starfsárinu. Þá hefur verið sett af stað viðamikil rannsókn sem heitir „Recruitment of high-skill labour from third countries, regulations, strategies and realities“. VFÍ og TFÍ eru þátttakendur í rannsókninni í gegnum Nording samstarfið.

ANE

ANE (Association of Nordic Engineers) er nýr samstarfsvettvangur sem félögin í Danmörku, Svíþjóð og annað af tveimur félögum í Noregi, hafa sett á laggirnar til að sinna sérstaklega samskiptum við Evrópusambandið. Ekki er komin mikil reynsla á þennan vettvang en fróðlegt verður að sjá hverju þetta samstarf skilar.

Nording er með heimasíðu og á henni er að finna ýmsar upplýsingar um starfsemina. Slóðin er :

<http://www.nording.org/>



Samstarf við Tæknifræðingafélags Íslands og Stéttarfélag verkfræðinga

Nú er rúmt ár síðan rekstur sameiginlegrar skrifstofu VFÍ, TFÍ og SV hófst. Ekki er hægt að segja annað en að markmiðin hafi náðst og gott betur. Því má segja að félögin hafi verið vel undirbúin fyrir þær sviptingar sem urðu í þjóðfélaginu síðastliðið haust. Mikið og öflugt starf hefur verið unnið hér í húsinu til hagsbóta fyrir félagsmennina. Ótal fundir og námskeið hafa verið haldin og margoft hefur salurinn í húsinu fyllt af áhugasömum félagsmönnum. Samstarf félaganna hefur stórauðist og er það góðs viti fyrir framtíðina. Með þessu samstarfi skapast óendanleg sóknarfæri inn í framtíðina. Nýir vefir eru enn í þróun og gefa mikla möguleika á miðlun upplýsinga til félagsmanna.

Starfsemin skiptist nú í þrjú svið: Kjarasvið, útgáfu- og kynningarsvið og fag- og fjármálasvið. Ráðnir voru þrír sviðsstjórar. Þrúður G. Haraldsdóttir er sviðsstjóri kjaramála, Sigrún S. Hafstein er sviðsstjóri útgáfu- og kynningarsviðs og Árni B. Björnsson er yfir fag- og fjármálasviði og er hann jafnframt framkvæmdastjóri félaganna.

Nýr framkvæmdastjóri

Árni Björn Björnsson verkfræðingur var ráðinn framkvæmdastjóri TFÍ, SV og VFÍ. Árni hóf störf 1. ágúst 2008 og tók við framkvæmdastjórastöðunni af Loga Kristjánssyni 20. september. Logi var ráðinn framkvæmdastjóri VFÍ og TFÍ haustið 1997 og frá áramótum 2007-2008 var hann einnig framkvæmdastjóri SV.

Framkvæmdir á fyrstu hæðinni

Á árinu voru umfangsmiklar endurbætur gerðar á Verkfræðingahúsi. Fyrsta hæðin var tekin í gegn og þar er nú aðsetur skrifstofunnar. Þá var gluggi í stigahúsi endurnýjaður.

Skýrslutæknifélagið flutti aðsetur sitt í Verkfræðingahús og leigir að hluta húsnæðið þar sem skrifstofa félaganna var áður. Á starfsárinu höfðu eftirtalin félög og fyrirtæki aðsetur í Verkfræðingahúsi: Verkfræðingafélag Íslands, Stéttarfélag verkfræðinga, Tæknifræðingafélag Íslands, Lífeyrissjóður verkfræðinga, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Arkitektafélag Íslands, Félag sjálfstætt starfandi arkitekta, Félag húsgagna- og innanhússarkitekta, Félag íslenskra landslagsarkitekta, Skýrslutæknifélag Íslands, Iðnfræðingafélag Íslands, Byggingafræðingafélag Íslands, Verkefnastjórnunarfélag Íslands, Skipulagsfræðingafélag Íslands, Magnús Baldursson, lögmaður og Miðverk, tölvu- og kerfisfræðipjónusta. Auk þess þjónustar skrifstofa félaganna Stéttarfélag byggingarfræðinga og Stéttarfélag tölvunarfræðinga.

Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar

Tilgangur félagsins er m.a. stuðla að góðri stærðfræðikennslu á grunnskólastigi.

Engin starfsemi hefur verið á árinu og þurfa VFÍ og TFÍ að taka ákvörðun um það hvort ekki eiga að efla starfsemina á næsta starfsári. Eila þarf að slíta félaginu með formlegum hætti.



FEANI – Félag verkfræðinga og tæknifræðinga í Evrópu

Íslandsnefnd FEANI

Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands eru aðilar að FEANI, Evrópusamtökum félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. TFÍ og VFÍ skipa sameiginlega sex manna nefnd, Íslandsnefnd FEANI, sem hefur það hlutverk að fjalla um málefni FEANI á Íslandi. Félögin skiptast jafnframt á formennsku í nefndinni til tveggja ára í senn.

Vegna kostnaðar tekur Íslandsnefnd FEANI ekki virkan þátt í sérnefndum FEANI. Formaður nefndarinnar sækir hins vegar ársfundinn sem að þessu sinni var haldinn dagana 1.–4. október s.l. í Búkarest í Rúmeníu. Fundinn sóttu 98 fulltrúar frá öllum 29 aðildarþjóðum FEANI.

Öll fagfélög verkfræðinga og tæknifræðinga í Evrópu eru aðilar að FEANI og eru félagsmenn þeirra samtals um 3,8 milljónir. Meginhlutverk samtakanna er að standa vörð um gæði menntunar verkfræðinga og tæknifræðinga auk eftirfylgni ýmissa réttindamála. Í því felst meðal annars að halda skrá um þá skóla sem bjóða viðurkennt nám í verkfræði og tæknifræði. Áður voru þessar upplýsingar birtar í bók, s.k. „FEANI Register” en nú eru þær á vef samtakanna www.feani.org. FEANI hefur aðsetur í Brussel, þar eru þrír starfsmenn.

ENGCARD

Helsta viðfangsefni ársfundarins var ENGCARD. Evrópusambandið hefur gefið út tilskipun þess efnis að árið 2012 eigi að vera búið að gefa út starfsréttindaskírteini (professional cards) fyrir allar starfsstéttir, sem ætlað er að auðvelda skráningu og allt utanumhald vegna fólksflutninga innan Evrópusambandsins. Skírteinið mun innihalda grunnupplýsingar um menntun, starfsferil og endurmenntun viðkomandi. FEANI hefur verið leiðandi í undirbúningsvinnunni innan ESB á síðustu 20 mánuðum og fengið til þess um 610 þúsund Evrur. Afar skiptar skoðanir komu fram á fundinum um tilgang verkefnisins þar sem mörgum þóttu markmið þess óljós og ávinning af skírteininu vera takmarkaðan. Meðal annars var spurt hvort unnið væri að þessu til að styrkja FEANI eða starfsstéttina. Niðurstaða fundarins var að FEANI myndi áfram taka þátt í verkefninu en ekki af sama þunga og áður.

Menntunarmál

Á ársfundinum var einnig rætt um menntunar- og atvinnumál. Allar þjóðir Evrópu, að Finnlandi undanskildu, telja nauðsynlegt að fjölga tæknimenntuðu



fólki. Tekin voru dæmi frá löndum í mið- og suður Evrópu þar sem mörg fyrirtæki fara þá leið að láta indverska verkfræðinga og tæknifræðinga vinna verkefni í fjarvinnu. Þess má geta að á hverju ári útskrifast um 300 þúsund verkfræðingar og tæknifræðingar í Indlandi.

Ný aðildarlönd í FEANI

Fyrir fundinum lá umsókn frá Króatíu og Rússlandi um aðild að samtökunum. Auk þess lá fyrir umsókn frá nýju verkfræðingafélagi í Belgíu. Ekki var mikil umræða um umsóknirnar þar sem almennur vilji var hjá aðildarþjóðunum að veita þeim inngöngu og voru umsóknir þessara þjóða samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Nýr formaður FEANI

Auk stjórnarkjörs fór fram kosning formanns FEANI. Lars Bytoft formaður IDA danska verkfræðinga- og tæknifræðingafélagsins var einn í kjöri til formanns og fékk hann 98% atkvæða í leynilegri kosningu.

Veffang: www.feani.org

Jóhannes Benediktsson,
formaður Íslandsnefndar FEANI.

Störf eftirlitsnefndar FEANI

Evrópusamtök tæknifræðinga og verkfræðinga, FEANI, skipa eftirlitsnefndir (National Monitoring Committee) í hverju aðildarlandi samtakanna. Hlutverk þessara nefnda er að fylgjast með háskólanámi og hvort skólarnir uppfylli kröfur þær sem samtökin gera til tækniskóla sem þau viðurkenna. Einnig að fara yfir umsóknir um skráningu manna hjá FEANI á grundvelli menntunar og um EUR ING titilinn. Í nefndinni eiga sæti tveir fulltrúar frá VFÍ og tveir frá TFÍ.

Eftirtaldir eiga sæti í nefndinni:

Verkfræðingafélag Íslands:

Jón Vilhjálmsson, formaður
Ríkharður Kristjánsson

Tæknifræðingafélag Íslands:

Daði Ágústsson
Gunnar Sæmundsson

Engin umsókn barst á árinu um EUR ING titilinn og því var ekki haldinn fundur í nefndinni á starfsárinu.

Samstarf við Nýsköpunarmiðstöð

Í byrjun febrúarmánaðar 2009 var undirritaður samstarfssamningur VFÍ, SV og TFÍ við Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Samningurinn varðar leit og framboð á möguleikum til atvinnusköpunar fyrir félagsmenn. Efni samningsins, sem gildir í tólf mánuði, er eftirfarandi:

Nýsköpunarmiðstöð Íslands skapar farvegi fyrir nýsköpun og frumkvöðlavinnu:

- Með stuðningi við að móta viðskiptahugmyndir og útfærslu þeirra.
- Með handleiðslu og stuðningi er varðar stoðumhverfi og styrki.
- Með handleiðslu varðandi stofnun og rekstur fyrirtækja.
- Með leiðsögn um mótun á viðskiptasetri fyrir félagsmenn ofantalinna félaga og þátttöku félagsmanna í núverandi setrum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
- Með því að halda sérstaka kynningarfundir fyrir félagsmenn VFÍ, TFÍ og SV
- Með aðstoð og aðgangi að alþjóðlegum gagnagrunnum á sviði tæknifyrfærslu.
- Með þátttöku í viðskiptasendinefnd á alþjóðlega sýningu og ráðstefnu um viðskiptasérlefyf, en ráðstefnan sem er stærsta sinnar tegundar í heiminum er haldin í Washington DC í mars nk.
- Með aðstoð og leiðsögn vegna doktorsnáms hjá rannsóknarstofnunum og háskólum.

VFÍ, TFÍ og SV leggja til:

- Hvatningu til félagsmanna að taka þátt í starfinu, með stofnun vinnuhópa, nýtingu á tengslaneti og áhugaverðum fundum.
 - Upplýsingar um félagsmenn (nafnalista).
 - Kynningu samstarfsins á heimasíðu.
 - Þátttöku á fræðslu- og vinnufundum.
 - Húsnæði fyrir fræðslu- og vinnufundi.
- Samningurinn felur ekki í sér kvaðir um bein fjárútlát samningsaðila.

Áritun endurskoðanda

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagssjóðs Verkfræðingafélags Íslands, fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, sundurlíðanir nr. 1-20 og yfirlit vegna innheimtu. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam rekstrarhagnaður ársins tæpum 0,9 mkr., en rekstrartekjur námu tæpum 20,9 mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt efnahagsreikningi námu tæpum 20,4 mkr. en heildarskuldir rúmum 4,9 mkr. á sama tíma. Eigið fé var því jákvætt um tæpar 15,5 mkr. Veltufjármunir í árslok voru 14,4 mkr. hærrí en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2008, efnahag þess hinn 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju og að í honum komi fram allar þær upplýsingar sem okkur eru kunnar og máli skipta.

Reykjavík, 13. mars 2009

Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi.



Skýrsla félagslegs skoðunar- manns VFÍ 2008

Undirritaður hefur fylgst með starfsemi félagsins á árinu og farið yfir ársreikninga fyrir félagið og hússjóð.

Almennt félagsstarf

Almennt félagsstarf hefur verið kraftmikið á árinu og eins og áður starfaði fjöldi félagsmanna í ýmsum nefndum og ráðum fyrir félagið.

Ráðstefnur og fundir

Á starfsárinu voru haldnir samlokufundir, morgunverðarfundir, golfmót, almennir fundir, árhátíð og fleira. Sömuleiðis hefur stjórnin brugðist við versnandi atvinnuástandi félagsmanna. Segja má að starfsemi félagsins hafi verið með miklum blóma.

Útgáfumál

Útgáfa Verktækni hefur tekist vel sem endranær og Árbókin 2008 var gefin út í samstarfi við TFÍ eins og áður. Hún er yfirgripsmikið og fróðlegt rit og verðugur arftaki hins gamla tímarits VFÍ. Ritstjórar beggja rita eiga skildar þakkir fyrir gott starf.

Ársreikningur

Rekstur félagsins hefur verið svipaður og undanfarin ár, en tekjur eru nær óbreyttar og húsaleigutekjur stór þáttur í tekjum félagsins. Innheimta félagsgjalda er mjög góð og fjárhagur félagsins góður. Eðlilegt virðist að gæta þess að láta árgjöld fylgja verðlagsþróun en það hefur ekki verið gert undanfarin ár.


Hússjóður

Rekstur hússjóðs breytist nokkuð milli ára einkum vegna fjármagnskostnaðar sem stafar af aukinni verðbólgu og framkvæmdum við húsnæði. Sama er að segja um efnahagsreikninginn sem einnig breytist talsvert.

Lokaorð

Í heild má slá því föstu að starfsemi félagsins hefur verið góð á árinu og fjárhagur þess traustur. Öll aðstaða og aðbúnaður félagsstarfsins er með besta móti. Til að treysta stöðu sína til framtíðar þarf félagið að setja sér það markmið að fá sem stærstan hóp ungra verkfræðinga í félagið.

*Viðar Ólafsson,
félagslegur skoðunarmaður VFÍ.*



Ársreikningur félagssjóðs 2008

Rekstrarreikningur Félagssjóðs VFÍ 2008

	2008	2007
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	15.405	15.369
Tekjur af fasteignum	5.465	4.942
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>20.870</u>	<u>20.311</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Einstök verkefni	7.889	12.033
Húsnæðisk. salur á jarðhæð	866	0
Skrifstofukostnaður	4.732	3.221
	<u>13.487</u>	<u>15.254</u>
Framlag sjóða KTFÍ til reksturs	0	-1.692
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>13.487</u>	<u>13.562</u>
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	7.383	6.749
<i>Aðrar tekjur og (gjöld)</i>		
Árbók og Verktækni	-2.549	-2.256
Ritröð VFÍ	-105	222
Félagakerfi, húsbúnaður og fjarfundabúnaður	-1.175	-1.193
Vefumsjónarkerfi	-94	80
Fundir, ráðstefnur, tæknidagar og kynningarstarf	-1.308	-965
Innlent og erlent samstarf	-1.898	-1.387
Annað	-715	-798
	<u>-7.844</u>	<u>-6.297</u>
Hagnaður/tap án vaxtatekna og -gjalda	-461	452
<i>Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur	2.114	1.515
Fjármagnstekjuskattur	-110	-115
Vaxtagjöld / innheimtukostnaður	-664	-713
	<u>1.340</u>	<u>687</u>
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	<u>879</u>	<u>1.139</u>

Efnahagsreikningur félagssjóðs VFÍ 31.12.2008

	2008	2007		2008	2007
<i>EIGNIR</i>			<i>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</i>		
Fastafjármunir	1.088	0	Eigið fé		
Veltufjármunir:			Óráðstafað eigið fé	15.469	14.658
Skammtímaskuldur	17.261	3.440			
Handbært fé	2.041	14.109	<i>Skuldir</i>		
			Skammtímaskuldir	4.921	2.891
Samtals eignir	<u>20.390</u>	<u>17.549</u>	Samtals skuldir og eigið fé	<u>20.390</u>	<u>17.549</u>

Húseignir VFÍ

Engjateigur 7

Eignarhluti VFÍ í húsnæðinu er á fyrstu hæð auk fjögurra bílastæða í bílageymslu í kjallara. Um er að ræða tæplega 11% eignarhlut í húsinu. Á sínum tíma var gerður bindandi tímabundinn leigusamningur við Ístak um þennan eignarhluta. Sá leigusamningur rennur út í lok ágúst árið 2010. Tekjur umfram gjöld af þessum leigutekjum renna í félagssjóð VFÍ og námu á árinu 2008 5.465 þús. kr. eða um 25% af tekjum félagssjóðs. Í lok nóvember barst kauptilboð frá Ístaki í eignarhluta VFÍ í húsinu. Tilboðið er mjög hagstætt og stjórn VFÍ og meirihluti stjórnar húsnefndar félagsins hefur samþykkt að taka tilboðinu og tillaga þess efnis verður lögð fyrir aðalfund félagsins 2009 til samþykktar.

Engjateigur 9

Þrátt fyrir að markvisst hafi verið unnið að endurbótum á húsinu undanfarin ár kemur æ betur í ljós hve ástand hússins er að mörgu leyti bágborið. Ráðist var í miklar endurbætur á húsnæðinu á síðasta ári sem reyndust kostnaðarsamari en vonast hafði verið til. Það skýrist af afar slæmu ástandi austur hluta fyrstu hæðarinnar, eftir áratuga-leigu til margra leigutaka. Húsið er andlit félagsins út á við og rammi um öflugt félagsstarf.

Hússjóður hefur safnað nokkrum skuldum vegna nauðsynlegra viðhaldsframkvæmda þrátt fyrir að hafa átt nokkurt fé í fyrningasjóði. Ef eignarhlutinn í Engjateigi 7 verður seldur er hægt að greiða allar skuldir hússjóðs upp og þá verður þeim merka áfanga náð að félagið á Verkfræðingahúsið, Engjateigi 9 skuldlaust.

Í stjórn húsnefndar sitja:
Halldór Þór Halldórson, formaður
Agnar Koefoed-Hansen
Albert Guðmundsson
Vífill Oddsson.



Ársreikningur Hússjóðs 2008

Rekstrarreikningur Hússjóðs VFÍ 2008

	2008	2007
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	26.126	25.620
Rekstrartekjur alls	26.126	25.620
<i>Rekstrargjöld</i>		
Reksturfasteigna	7.110	6.461
FramlagtilfélagssjóðsVFÍ	5.465	4.942
Annarkostnaður	1.361	255
	13.936	11.658
Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða	12.190	13.962
<i>Fyrningar</i>		
Fyrningar alls	-6.903	-5.504
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	5.287	8.458
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld	-12.911	-6.428
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	-7.624	2.030

Efnahagsreikningur hússjóðs VFÍ 31.12.2008

	2008	2007		2008	2007
<i>EIGNIR</i>			<i>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</i>		
<i>Fastafjármunir</i>			<i>Eigið fé</i>		
Engjateigur 9	254.061	194.534	Óráðstafað eigið fé	230.030	196.570
Engjateigur 7	65.867	56.607	Fyrningarsjóður fasteignar	-1.750	7.148
Fastfjármunir alls	319.928	251.141	Eigið fé alls	228.280	203.718
<i>Veltufjármunir</i>			<i>Skuldir</i>		
Skammtímaskröfur	1.015	36	Langtímaskuldir	49.612	45.482
Handbært fé	34	1.515	Skammtímaskuldir	43.085	3.492
Veltufjármunir alls	1.049	1.551	Skuldir alls	92.697	48.974
Samtals eignir	320.977	252.692	Samtals skuldir og eigið fé	320.977	252.692



Skýrslur deilda og faghópa

Byggingarverkfræðingadeild

Stjórn BVFÍ stóð fyrir skoðunarferð félagsmanna á byggingarsvæði tónlistar- og ráðstefnuhússins (TRH) þann 14. febrúar 2008. Mæting var mjög góð og var heimsóknin öll hin fróðlegasta og ánægjulegasta, en hún var í boði ÍAV. Sigurður R. Ragnarsson, framkvæmdastjóri Austurhafnarverkefnisins hjá ÍAV, tók á móti félagsmönnum, hélt fróðlegt erindi um forsendur og uppbyggingu TRH og annarra nálægra mannvirkja á Austurhafnarvæðinu, og leiddi menn síðan um svæðið.

Aðalfundur BVFÍ var haldinn 7. október 2008. Fundarsókn var góð og höfðu félagsmenn brugðist vel við hvatningu stjórnar til aðalfundarsetu og virkri þátttöku í starfsemi félagsins. Úr stjórn gengu Kristján Vilhelm Rúriks-son (formaður) og Ægir Jóhannsson (ritari). Í þeirra stað tóku sæti í stjórn þeir Pétur Bjarnason hjá Mannviti og Skúli Þórðarson hjá Vegsýn. Áfram sátu í stjórninni þeir Haukur Einarsson og Sveinn Óli Pálmarsson. Sveinn Óli tók við formennsku af Kristjáni á aðalfundinum. Á fyrsta fundi sínum skipti ný stjórn með sér öðrum verkum og er Skúli varaformaður, Pétur gjaldkeri og Haukur ritari.

Á aðalfundinum var stjórn félagsins falið að kanna möguleika á stofnun styrktarsjóðs fyrir framhaldsnemendur og hver hugsanleg útfærsla slíks sjóðs gæti verið. Stofnaður hefur verið vinnuhópur til að gera drög að starf-

semi styrktarsjóðsins. Er honum ætlað að skila hugmyndum sínum til stjórnar fyrir næsta aðalfund félagsins. Í vinnuhópnum sitja, ásamt Skúla og Sveini Óla úr stjórn BVFÍ, þær Hrund Ólöf Andradóttir hjá HÍ og Ingunn Sæmundsdóttir hjá HR.

Ekki reyndust aðstæður hjá framkvæmdaraðilum til að taka á móti félagsmönnum í skoðunarferðir haustið 2008 og fram eftir vetri og munu því styttri skoðunarferðir eins og staðið hefur verið fyrir síðastliðin misseri bíða betri tíma. Stjórn BVFÍ stefnir að því vorið 2009 að bjóða upp á skoðunarferð félagsmanna á jarðskjálftasvæði Suðurlands og fræðast um eftirköst jarðskjálfta, áhrif á mannvirki og fyrirhuguð virkjanasvæði.

Orðanefnd BVFÍ

Orðanefnd BVFÍ var stofnuð árið 1980. Einar B. Pálsson hefur verið formaður nefndarinnar frá upphafi og jafnframt ritstjóri íðorðasafna sem nefndin hefur unnið að.

Íðorðabók um umhverfistækni var gefin út í apríl 2007, á 95 ára afmæli VFÍ. Í bókinni er að finna rúmlega 1200 hugtök sem lúta að umhverfismálum frá sjónarhóli verkfræðinga og annars tæknimenntaðs fólks. Orðasafnið er unnið samkvæmt alþjóðlegum staðli um íðorðafraeði og er sérstakur kafli í bókinni helgaður þeirri fræðigrein.

Íðorðabókin var ritdæmd á vegum Stofnunar Árna Magnússonar í íslensk-

um fræðum síðla árs 2008. Ritdómurinn er birtur í 29. árgangi tímaritsins Íslenskt mál og almenn málfræði sem Íslenska málfræðifélagið gefur út. Íðorðabókin fær mjög góða umsögn í ritdómnum og kemur vel fram hvernig Orðanefnd BVFÍ hefur aukið íslenskan orðaforða og með vönduðum skilgreiningum hefur verið mótað orðaforða á íslensku í umhverfistækni. Íðorðabókin telst vera tímamótaverk í íðorðafraeðum á Íslandi. Ritdómara þykir þetta metnaðarfulla verk ekki fengið verðskuldaða athygli og hvetur til betri kynningar og dreifingar á bókinni. Stjórn BVFÍ vinnur nú að úrbótum í þeim efnum.

Starfsemi Orðanefndar BVFÍ hefur legið að mestu niðri frá útgáfu íðorðabókarinnar. Unnið er að endurvakningu nefndarinnar en mikill áhugi er hjá BVFÍ að viðhalda því mikla starfi sem farið hefur fram innan nefndarinnar.

*Sveinn Óli Pálmarsson,
formaður BVFÍ.*

Ársskýrsla Kvennanefndar VFÍ

Starfsárið 2008–2009 var kvennanefnd VFÍ skipuð sömu aðilum og árið áður, þ.e. Guðrúnu Hallgrímsdóttur, Jóhönnu Hörpu Árnadóttur, Kolbrúnu Reinholds-dóttur, Sveinbjörgu Sveinsdóttur og Örnunni S. Guðmundsdóttur.

Nefndin var á sínum tíma stofnuð til að hvetja konur til þátttöku í félagsstarfi VFÍ og til að mynda tengslanet kvenna í stétt verkfræðinga. Starfið hefur verið opið öllum verkfræðingum og tækni-fræðingum, óháð félagsaðild. Með þeim hætti er vonast til að ná til sem flestra tæknimenntaðra kvenna í landinu. Samkvæmt félagatali eru nú 1289 félagsmenn í VFÍ, þar af eru 153 konur, eða um 12%.

Á starfsárinu sátu þrjár konur í stjórn VFÍ þær Jóhanna Harpa Árnadóttir formaður, Ásdís Elva Guðmundsdóttir og Hrund Ólöf Andradóttir. Í stjórnunefnda og deilda félagsins sátu, auk stjórnar Kvennanefndar, samtals sjö konur. Í stjórn Stéttarfélagsins voru fjórar konur og í stjórn Lífeyrissjóðs verkfræðinga var ein kona.

Ekki var farið í fyrirætkaheimsókn á árinu heldur boðið upp á fyrirlesturinn „Ímynd verkfræðinga“ í lok apríl 2008 á morgunverðarfundum KVFÍ. Erindið flutti Goddur, Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands og fjölmenntu verkfræðingar af báðum kynjum.

Hluti stjórnar KVFÍ tók þátt í ráðstefnunni „Tengslanet IV – Völd til kvenna“ 29.–30. maí 2008 sem haldin var á Bifröst í Borgarfirði. Fjöldi kvenna úr mörgum fagstéttum mætti þar til leiks. Var dagskráin til fyrirmyndar og góð tengsl mynduðust.

Á fundum félagsins var haldið áfram að undirbúa vinnu við að koma sögu kvenverkfræðinga á bók. Fékk nefndin það verkefni að leggja grunn að efnistöðum og finna rithöfund til verksins.



Skýrslur deilda og faghópa

Einnig er unnið að umsóknum um styrki til verkefnisins. Er nú stefnt að útgáfu árið 2010.

Samstarfi KVFÍ við Félag kvenna í lögmennsku, læknastétt og endurskoðun var viðhaldið á árinu með sameiginlegum fundi 14. október 2008. Að þessu sinni var skipulagning fundarins í höndum Félags kvenna í endurskoðendastétt. Fundurinn var í boði KPMG og bar yfirskriftina „Hvernig lesa skal ársreikninga“. Mikill áhugi var á fundinum og spunnust fróðlegar umræður í lokin.

KVFÍ var svo boðið til kvenlækna 12. mars sl. undir yfirskriftinni „Jafnréttismál innan Háskóla Íslands, staða og horfur“.

Næsti fyrirlestur á vegum KVFÍ hefur þegar verið auglýstur 31. mars nk., en þar mun Kolbrún Ragnarsdóttir halda fyrirlesturinn „Það býr sigurvegari í þér! Um viðhorf og venjur þeirra sem ná árangri“.

Arna S. Guðmundsdóttir, formaður KVFÍ.

Austurlandsdeild

Deildir VFÍ og TFÍ á Austurlandi stóðu ekki fyrir neinum atburðum á starfsárinu 2008–2009. Í stjórn AVFÍ sátu:

Ingólfur Örn Arnarson, formaður
Óli Metúsalemsson, ritari
Jóhannes Pálsson, gjaldkeri

Norðurlandsdeild VFÍ

Aðalfundur

Aðalfundur NVFÍ var haldinn 27. mars 2008. Á dagskrá aðalfundar voru hefðbundin aðalfundarstörf. Ásgeir Ívarsson tók við sem gjaldkeri í stað Bjarna Hjarðar, en annars var stjórnin endurkjörin. Hana skipa Kristinn Magnússon, Pétur Bjarnason, Ásgeir Ívarsson, Jón Magnússon og Oddný Snorradóttir. Varamenn eru Bergur Steingrímsson og Sigurjón Jóhannesson. Stjórnin skipti með sér verkum og var Kristinn kjörinn formaður, Pétur ritari og Ásgeir gjaldkeri. Endurskoðendur voru endurkjörnir, þeir Eiríkur Jónsson og Pétur Torfason.

Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað fimm sinnum á starfsárinu. Þessir fundir hafa allir nema einn verið haldnir með stjórn NTFÍ. Fundirnir hafa verið misjafnlega mikið bókaðir.

Skoðunarferð í Hof

Farin var skoðunarferð í Hof menningarhúsi Akureyringa 27. mars undir leiðsögn Magnúsar Garðarssonar frá Fasteignum Akureyrarbæjar og Steindórs Guðmundssonar frá VST sem annaðist hljóðhönnun hússins. Steindór hélt erindi um hljóðhönnun hússins að skoðunarferð lokinni.

Ferð í Kárahnjúka

Þann 27. september 2008 var farið í Kárahnjúkaferð og var hún hugsuð



sem lokahnykkurinn þar sem farið hefur verið á Kárahnjúka og nágrenni undanfarin ár til að fylgjast með þeim gríðarlegu framkvæmdum sem átt hafa sér stað á mið-Austurlandi. Farið var um Hrafnkeldal upp að Kárahnjúkastíflu þar sem snæddur var hádegisverður í boði Landsvirkjunar. Að málsverði loknum voru skoðaðar Ufsa og Hraunaveitur undir leiðsögn Sveins Þórarinssonar verkfræðings og þökkum við honum góða kynningu.

Að því loknu var ekið að Teigsbjargi þar sem farið var að lokum á fallpípu og þaðan ekið niður í Fljótsdal og farið inn í sjálfan stöðvarhúshellirinn undir leiðsögn stöðvarstjóra. Á heimleið var komið við hjá Hitaveitu Egilsstaða og Fella að Urriðavatni og þegnar veitingar. Síðasti áningarstaður á heimleið var Selhótel í Mývatnssveit þar sem snæddur var kvöldverður, heimkoma var um miðnætti.

Lokaorð

Það starfsár sem hér hefur verið gerð grein fyrir hefur verið frekar rólegt hvað félagsstarfið varðar og er þar að mestu um að kenna annríki stjórnarmanna í sínum störfum. Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar og samstarf við NTFÍ með miklum ágætum.

Stjórn NVFÍ vill þakka félögum ágætt samstarf á starfsárinu og væntir enn frekari þátttöku félaga á því starfsári sem framundan er.

Kristinn Magnússon, formaður.

Rafmagnsverkfræðingadeild

Í stjórn RVFÍ starfsárið 2008–2009 sátu: Reynir Freyr Bragason formaður, Eyrún Linnet stallari, Ólafur Páll Einarsson ritari og Stefán Rósinkrans gjaldkeri. Starfsemi deildarinnar hefur verið með hefðbundnum hætti. Þema vetrarins 2007–2008 var jarðvarmi og veturinn 2008–2009 hefur það verið nýsköpun á sviði rafmagnsverkfræði.

Aðalfundur RVFÍ 2008 var haldinn í Reykjanesvirkjun 28. maí 2008 þar sem ofangreind voru kosin í stjórn. Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum fengu fundargestir að fara í skoðunarferð um virkjunina og sýninguna Orkuverið Jörð. Víðir Sveinn Jónsson kynningarstjóri HS leiddi hópinn bæði um virkjunina og sýninguna og var margt mjög áhugavert að sjá. Sýningin Orkuverið Jörð vakti mikinn áhuga fundarresta enda sjaldan sem útskrifaðir verkfræðingar fá að „leika“ sér. Sýningin er byggð upp til að fræða gesti um orku jarðar og fá þeir að gera tilraunir sem ætlað er að varpa ljósi á viðfangsefnið.

Þann 9. maí 2008 var haldin móttaka í Verkfræðingahúsinu, Engjateigi þar sem heiðursverðlaunin „Rafmagnsverkfræðingur ársins“ voru veitt í annað sinn. Að þessum atburði standa VFÍ, með þátttöku RVFÍ, og IEEE á Íslandi. Markmiðið er m.a. að vekja athygli á árangri rafmagnsverkfræðinga í starfi og afrekum þeirra sem vert er að halda á lofti. Verðlaunin eru veitt þeim rafmagnsverkfræðingum sem hverju sinni þykja skara fram úr í störfum sínum á sviði rafmagnsverkfræði eða fyrir íslenskt samfélag. Sameiginleg dómnefnd VFÍ og IEEE á Íslandi valdi verðlaunahaf-

ana en að þessu sinni hlutu tveir verkfræðingar verðlaunin eða þeir Árni Benediktsson fyrir úrræðagóðar lausnir við gangsetningu Kárahnjúkavirkjunar og Þór Jes Þórisson fyrir aðkomu sína að uppbyggingu gagnaneta Símans.

Þann 14. janúar 2009 var farið í heimsókn til heilbrigðistækni- og nýsköpunarfyrirtækisins Kine. Þar tók Baldur Sigurðsson á mótí hópnum og sagði frá fyrirtækinu. Kine starfar á sviði heilbrigðistækni og sérhæfir sig m.a. í þráðlausum vöðvarismælum (EMG), hreyfigreiningartækni og þróunum á lausnum til mælinga á lífeðlisfræðilegum stærðum fyrir rannsóknir, endurhæfingu, vinnuvistfræði og íþróttir. Heimsóknin var einstaklega skemmtileg og áhugaverð og m.a. kom í ljós að Kine er eina fyrirtækið í heiminum sem hefur mælt vöðvarit þráðlaust í vatni og að hreyfigreiningarbúnaður þeirra hefur verið notaður af Real Madrid.

Þegar þetta er skrifað stendur til að fara í heimsókn til nýsköpunarfyrirtækisins Nox Medical þann 19. mars 2009. Nox Medical vinnur að þróun og markaðssetningu vefgreiningarhugbúnaðar fyrir börn. Einnig stendur til að fara í heimsókn til nýsköpunarfyrirtækisins Marorku þann 29. Apríl 2009. Marorka sérhæfir sig í orkustjórnunarhugbúnaði fyrir skip sem miðar að því að spara olíu. Aðalfundur félagsins er svo á dag-skrá í maí.

*Reynir Freyr Bragason,
formaður RVFÍ.*



Skýrslur deilda og faghópa

Störf Orðanefndar RVFÍ árið 2008

Fystu tvo mánuði starfsárs Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga (ORVFÍ) árið 2008 var lögð áhersla á að ljúka endanlega við þýðingar nefndarinnar á íðorðum 705. kafla í orðasafni Alþjóða raftækninefndarinnar (IEC), Útbreiðsla loftskætabylgna, og endurskoða þau. Íðorð þessa kafla og 712. kafla, Loftnet, eru viðfangsefni 13. bindis Raftækni-orðasafns (RTO 13). Prentun bókarinnar hafði tafist mjög undanfarna mánuði í prentsmiðju, þar sem þýðingum orðanefndarinnar á hluta 705. kafla seinkaði. Bókin kom þó út á síðsumri.

Nefndin ræddi þegar á árinu 2006 um nauðsyn þess að endurskoða Íslenskt – enskt – íslenskt raftækni-orðasafn, sem út kom á árinu 1997, samræma orðaforða eldri og yngri útgáfubóka nefndarinnar og bæta við orðaforða Raftækni-orðasafns 6 til 13 í nýja tveggja tungumála orðabók. Eftir að vinnu lauk við kaflana í RTO 13 gat nefndin loks farið af stað við samræminguna. Verkefnum hafði verið skipt á nefndarmenn, sem áttu að gera athugasemdir við þau orð, sem þeir vildu ræða um á fundum. Von bráðar urðu umræður um samræmingu íðorða mun ýtarlegri, en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi, m.a. við að finna ný orð í stað margra þeirra, sem fyrir voru í orðabókum nefndarinnar. Samræmingu orðaforðans er því hvergi nærri lokið, þó að hún hafi verið meginverkefni starfsársins.

Undir lok janúar var rætt um lagalega

stöðu íslenskunnar á þingi Íslenskrar málnefndar og daginn eftir var árleg Rask-ráðstefna um íslenskt mál og almenna málfræði á vegum Íslenska málfræðifélagsins og Málvísindastofnunar Háskóla Íslands. Orðanefnd RVFÍ átti fulltrúa á báðum viðburðum.

Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga er stofnfélagi að Málræktarsjóði og hefur árlega sent fulltrúa sinn á aðalfundi sjóðsins. Svo var einnig á liðnu ári.

Haraldur Bernharðsson Ph.D., íslenskufræðingur við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, starfaði með nefndinni sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál frá hausti 2005. Á liðnu hausti óskaði hann eftir að verða leystur frá fundarmætingu vegna anna. Í stað hans kom til starfa með nefndinni Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, MA í íslenskrí málfræði, verkefnisstjóri á málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fundir ORVFÍ á árinu 2008 urðu 27, þrátt fyrir u.þ.b. 4½ mánaðar sumarleyfi nefndarmanna. Þetta er lengsta sumarleyfi, sem nefndin hefur tekið á undanförunum áratugum. Meðalfundarsókn var 7 til 8 menn á fundi, nánar tiltekið 7,52. Nefndarmenn voru 10 allt árið að íslenskufræðingi meðtöldum. Fundar-

sókn nefndarmanna var því góð. Um áramótin 2008/2009 hafði ORVFÍ þar með komið saman á 1171 fundi frá árinu 1971, en þá var fyrst farið að færa fundargerðir reglulega. Að meðaltali hefur 31 fundur (30,8) verið haldinn árlega í 38 ár.

Á árinu 2008 skipuðu eftirtaldir rafmagnsverkfræðingar Orðanefnd RVFÍ: Bergur Jónsson, formaður
Gunnar Ámundason
Gústav Arnar
Ívar Þorsteinsson
Jón Þóroddur Jónsson
Sigurður Briem
Sæmundur Óskarsson
Þorvarður Jónsson og Hreinn Jónasson rafmagnstækni-fræðingur

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, MA í íslenskrí málfræði hefur starfað með nefndinni sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál frá síðastliðnu hausti, eins og áður segir.

Bergur Jónsson, formaður.

Faghópur um hljóðhönnun

Stjórn faghópsins

Steindór Guðmundsson, formaður
Sigurður Karlsson, meðstjórnandi
Bergþóra Kristinsdóttir, meðstjórnandi

Félag um hljóðhönnun (eða hljóðtækni eða hljóðverkfræði) var stofnað haustið 2006 sem faghópur innan vébanda VFÍ og TFÍ. Í ágúst 2008 stóð félagið fyrir alþjóðlegri hljóðhönnunarráðstefnu á Íslandi B-NAM 2008. Þetta er norræn ráðstefna sem haldin er annað hvert ár til skiptis af norrænu fagfélögunum um hljóðhönnun, og Eyrstrasaltslöndin hafa einnig átt aðild að henni síðastliðinn áratug. Þetta var í fyrsta skipti sem þessi ráðstefna er haldin á Íslandi.

Ráðstefnan heppnaðist mjög vel. Þátttakendur voru um 110 og haldin voru 47 styttri erindi auk tveggja lengri erinda frá gestafyrirlesurum, sem báðir voru mjög góðir. Hin erindin 47 voru flutt í tveimur samsíða lotum, en einnig var sk. "Workshop" um ákveðið mál efni (gæðaflokkun íbúðarhúsnæðis m.t.t. hljóðeinangrunar). Sett var á fót heimasíða www.bnam2008.com þar sem sjá má dagskrá ráðstefnunnar. Fyrirlestararnir voru settir inn á usb – lykka sem þátttakendur fengu til eignar, en þeir eru líka vistaðir á heimasíðunni og ætlunin er að halda henni gangandi í nokkur ár. Heimasíða ráðstefnunnar er vistuð á vefsvæði VFÍ/TFÍ, en stutta slóðin hér að ofan á líka að virka næstu árin.

Í heild má segja að ráðstefnan hafi verið mikil lyftistöng fyrir íslenska hljóðhönnun með mikilli þátttöku Íslendinga í ráðstefnunni, og 13 erindi af 47 styttri erindunum voru haldin af Íslendingum. Þetta er langmesta og langvirkasta þátttaka Íslendinga í þessari ráðstefnu hingað til.

Faghópurinn virkar út á við sem sérstakt félag, og er aðili að evrópskum samtökum hljóðtækni félaga EAA (European Acoustics Association) og samsvarandi norrænum samtökum líka NAA (Nordic Acoustics Association),

en B-NAM ráðstefnan er haldin í þeirra nafni annað hvert ár

Faghópurinn er opinn öllum þeim sem áhuga hafa á hljóðhönnun og hljóðvist innanhúss og utanhúss. Þeim sem hafa áhuga á að starfa með félaginu er bent á að skrá sig hjá skrifstofu VFÍ/TFÍ/SV og koma netfangi sínu á póstlista faghópsins. Meðlimir í hópnum eru nú um 45.

Steindór Guðmundsson, formaður.

Bækur Orðanefndar RVFÍ

Orðasafn II.

Rafmagnsfræði. Danskt-íslenskt bráðabirgða orðasafn.

Prentað sem handrit. Reykjavík 1952

Raftækni- og ljóSORðasafn.

Menningarsjóður, Reykjavík 1965

Raftækni- og ljóSORðasafn, 2.bindi.

Menningarsjóður, Reykjavík 1973

RaftækniORðasafn 1.

Þráðlaus fjarskipti.

Menningarsjóður, Reykjavík 1988

RaftækniORðasafn 2.

Ritsími og talsími.

Menningarsjóður, Reykjavík 1989

RaftækniORðasafn 3. Vinnsla, flutningur og dreifing raforku.

Menningarsjóður, Reykjavík 1990

RaftækniORðasafn 4. Rafeindalampar og aflrafeindatækni.

Menningarsjóður, Reykjavík 1991

RaftækniORðasafn 5. Rofbúnaður, stýribúnaður og vernd raforkukerfa.

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 1995

Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt raftækniORðasafn.

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 1997

RaftækniORðasafn 6. Mælitækni, mælispennar og gjaldskrár raforku.

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 1998

RaftækniORðasafn 7. Strengir, línur, einangrarar og orkumál.

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2000

RaftækniORðasafn 8. Rafvélar, aflspennar, spanöld og aflþéttar

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2001

RaftækniORðasafn 9. Ljóstækni

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2001

RaftækniORðasafn 10.

Sjálfvirk stýring og fjarstýring

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2002

RaftækniORðasafn 11. Fjarskiptanet, skiptitækni og merkjagjöf

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2003

RaftækniORðasafn 12.

Ljósleiðara- og geimfjarskipti

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2004

RaftækniORðasafn 13.

Loftnet og bylgjuútbreiðsla

Orðanefnd RVFÍ, Reykjavík 2008

Fundir og ráðstefnur voru í flestum tilvikum haldnar í samvinnu VFÍ og TFÍ eða allra félaganna þriggja; VFÍ, TFÍ og SV. Flestum viðburðum eru gerð skil hér en einnig er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu VFÍ, í Verktækni og Árbók félagsins.

28. mars 2008

Samlokufundur.

Tölvur fyrir flutningabíla.

Fyrirlesari: Heimir Sverrisson, verkfræðingur.

3. apríl 2008

Aðalfundur Stéttarfélags Verkfræðinga.

23. apríl 2008

Samlokufundur í samstarfi við tölvunarfræðinga.

Reikni afl og verðlagning á afleiðum með Monte Carlo hermum.

Fyrirlesari: Dr. Ágúst Sverrir Egilsson.

30. apríl 2008

Morgunverðarfundur Kvennanefndar VFÍ Ímynd verkfræðinga.

Fyrirlesari: Guðmundur Oddur Magnússon prófessor.

2. maí 2008

Móttaka fyrir verkfræðinema í Háskólanum í Reykjavík.

9. maí 2008

Viðurkenning RVFÍ og IEEE.

Rafmagnsverkfræðingur ársins.

15. maí 2008

Samlokufundur.

Örtækni í heilbrigðisverkfræði.

Fyrirlesarar: Ingólfur Þorbjörnsson og Gissur Örylgsson starfsmenn Efnis-, Líf- og Orkutækni hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands.

28. maí 2008

Aðalfundur RVFÍ

Heimsókn í Reykjanesvirkjun.

29. maí 2008

Samlokufundur.

Framkvæmdir við Tónlistarhús og ráðstefnumiðstöð.

Fyrirlesari: Sigurður Ragnarsson verkfræðingur.



Atburðir 2008–2009

15. ágúst 2008

Verktækni golfmótið á golfvelli Grindavíkur.

4. september 2008

Móttaka í tilefni þess að skrifstofa félaganna flutti á fyrstu hæðina í Verkfræðingahúsi eftir gagngerar endurbætur.

27. september 2008

Kárahjúkaferð Norðurlandsdeilda VFÍ og TFÍ.

2. október 2008

Samlokufundur.

Andi Reykjavíkur.

Fyrirlesari: Hjörleifur Stefánsson arkitekt.

7. október 2008

Aðalfundur BVFÍ.

14. október 2008

Morgunverðarfundur kvennanefnda verkfræðinga, endurskoðenda, lækna og lögfræðinga.

Hvernig á að lesa ársreikninga?

Gestgjafar: Félag kvenna í endurskoðendastétt.

16. október 2008

Kynningarfundur fyrir námskeiðið

„Að leiða fólk til árangurs“

Á vegum STFÍ og Opna háskólans.

30. október 2008

Samlokufundur

Áhætta og fjármál.

Fyrirlesari: Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur.

11. nóvember 2008

Námskeið á vegum STFÍ og Opna Háskólans.

Að leiða fólk til árangurs (fyrri hluti).

Leiðbeinandi: Kristinn Tryggvi Gunnarsson, fyrrum forstjóri Capacent.

12. nóvember 2008

Kynningarfundur Almenna lífeyrissjóðsins.

TFÍ, VFÍ og SV efndu til fundar fyrir þá félaga sem eru sjóðfélagar í Almenna lífeyrissjóðnum. Gunnar Baldvinsson framkvæmdastjóri sjóðsins og Páll Á. Pálsson formaður stjórnar sjóðsins fóru yfir stöðuna og svöruðu spurningum sjóðfélaga.

13. nóvember 2008

Námskeið á vegum STFÍ og Opna Háskólans.

Að leiða fólk til árangurs (seinni hluti).

Leiðbeinandi: Kristinn Tryggvi Gunnarsson, fyrrum forstjóri Capacent.

19. nóvember 2008

Kynningarfundur Lífeyrissjóðs verkfræðinga.

26. nóvember 2008

Heimsókn VVFÍ til Landhelgisgæslunnar.

26. nóvember 2008

Heiti potturinn – morgunfundur VFÍ.

Umræða um horfur á vinnumarkaði.

Sveinn Ólafsson, framkvæmdastjóri Verkís.



28. nóvember 2008

Samráðsfundur stjórna VFÍ, TFÍ, SV og KTFÍ.

Samrekstur og samstarf félaganna.

1. desember 2008

Hádegisfundur SV, VFÍ og TFÍ.

Aðgerðir félaganna og möguleikar fyrir nýsköpun og frumkvöðla í ljósi breyttrar aðstöðu á vinnumarkaði.

Frummælendur: Árni B. Björnsson, framkv.stj. VFÍ/TFÍ/SV, Snæbjörn Kristjánsson, verkfræðingur hjá NMÍ og Hjálmar Gíslason, frumkvöðull.

11. desember 2008

Samlokufundur.

Bókakynning Guðrúnar Evu Mínervudóttur og Jóns Halls Stefánssonar.

15. desember 2008

Hádegisfundur SV og KTFÍ.

Staða tæknifræðinga og verkfræðinga í breyttu umhverfi.

Fyrirlesari: Þrúður G. Haraldsdóttir, sviðsstjóri kjaramála.

30. janúar 2009

Heiti potturinn – morgunfundur VFÍ.

Verkefnaöflun erlendis.

Kolbeinn Kolbeinsson, verkfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Ístaks.

4. febrúar 2009

Hádegisfundur.

Kynning á samstarfssamningi SV, TFÍ og VFÍ við Nýsköpunarmiðstöð Íslands (NMÍ).

6. febrúar 2009

Sköpum framtíð fyrir tæknifólk.

Umsjónarmenn: Egill Þórðarson og Ásdís E. Guðmundsdóttir.

7. febrúar 2009

Árshátíð VFÍ.

13. febrúar 2009

Sköpum framtíð fyrir tæknifólk.

Umsjónarmenn Egill Þórðarson og Ásdís E. Guðmundsdóttir.

20. febrúar 2009

Sköpum framtíð fyrir tæknifólk.

Umsjónarmenn: Egill Þórðarson og Ásdís E. Guðmundsdóttir.

2. mars 2009

Traust.

Námskeið í samstarfi við Opna háskólann.

3. mars 2009

Heiti potturinn – morgunfundur.

Nýjar leiðir í rafvæðingu bílaflotans.

Helgi Þór Ingason vélaverkfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

4. mars 2009

Fjármál – úrlausn fjárhagslegra vandamála.

Námskeið í samstarfi við Opna háskólann.

6. mars 2009

Persónuleg markmiðasetning.

Námskeið í samstarfi við Opna háskólann.

6. mars 2009

Sköpum framtíð fyrir tæknifólk.

Umsjónarmenn: Egill Þórðarson og Ásdís E. Guðmundsdóttir.

12. mars 2009

Fundur kvennanefnda verkfræðinga, endurskoðenda, lækna og lögfræðinga.

Jafnréttismál innan Háskóla Íslands. – Staða og horfur.

Gestgjafar: Félag kvenna í læknastétt.

13. mars 2009

Sköpum framtíð fyrir tæknifólk.

Umsjónarmenn: Egill Þórðarson og Ásdís E. Guðmundsdóttir.

19. mars 2009

Samlokufundur VFÍ og TFÍ.

Kalina tæknin.

Fyrirlesari: Runólfur Maack, framkvæmdastjóri og vélaverkfræðingur.

20. mars 2009

Sköpum framtíð fyrir tæknifólk.

Erindi um samræmdar verklýsingar og samkeppnishæfni íslenskra tæknimanna.

Fyrirlesari: Egill Þórðarson.

Umsjónarmenn: Egill Þórðarson og Ásdís E. Guðmundsdóttir.

25. mars 2009

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands.

26. mars 2009

Aðalfundur Kjarafélags TFÍ.

28. mars 2009

Ganga á Móskaðshnjúka.

30. mars 2009

Aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands.

31. mars 2009

Fundur Kvennanefndar VFÍ.

Það býr sigurvegari í þér! Um viðhorf og venjur þeirra sem ná árangri.

Fyrirlesari: Kolbrún Ragnarsdóttir.

15. apríl 2009

Aðalfundur Stéttarfélag verkfræðinga.

2. maí 2009

Ganga á Kerhólakamb.

23. maí 2009

Ganga á Hvannadalshnjúk, skipulögð af VFÍ.



Verkfræðingafélag Íslands

vfi@vfi.is · www.vfi.is
Engjateig 9 · IS · 105 Reykjavík